

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. 3.244.

#### 2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. 10.878. Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar og eftirlits. Ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar eftirlitsgjaldið um 50%.

#### 3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 6.797 vegna handsömunar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kostnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. kafla XVI, auk reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og samþykkt um hundahald í Dalvíkurbyggð nr. 1234/2020, öðlast gildi við birtingu.

#### 6. gr.

Gjaldskráin uppfærðist haustið 2021 og hækkaði um 9% samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Samþykkt í umhverfis- og dreifbýlisráði Dalvíkurbyggðar 24. október 2022 og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2022. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1525/2021 úr gildi.

*Dalvíkurbyggð, 27. desember 2022.*

**Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir** sveitarstjóri.